

**Bæjarstjórn Reykjanesbæjar**

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbæ

Reykjanesbraut (41) Hafnavegur -- Garðskagavegur

Bókun bæjarstjórnar vegna breytinga á aðalskipulagi

Vegagerðin hefur mótttekið bókun frá Bæjarstjórn Reykjanesbæjar í tengslum við breytingar á aðalskipulagi og fyrirvara við breytingum á gatnamótum Þjóðbrautar. Í bókuninni koma fram 3 megin rök fyrir fyrirvaranum

1. Mikil uppbygging í nágrenni Þjóðbrautar
2. Mikil notkun af gatnamótunum í dag
3. Að gatnamótin séu mikilvæg fyrir neyðarbíla

Síða 1/2

Vegagerðin telur rétt að rifja upp þá vinnu sem fór fram í undirbúningi valkostagreiningar.

1. Gerðar voru umferðarspár í uppfærðu umferðarspálíkani þar sem allar skipulagsforsendur voru uppfærðar í samráði við Gunnar Kr. Ottósson, skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar og Guðlaug Helga Sigurjónsson sviðsstjóra Umhverfissviðs auk fulltrúa Kadeco. Þannig var tryggt að allar fyrirhugaðar uppbyggingaráætlanir færu með inn í umferðarspár. Spár voru gerðar fyrir alla mismunandi valkosti gatnakerfis þar sem staðsetningar og fjöldi gatnamóta voru sannreynir. Valinn valkostur kom best út hvað varðar flæði innanbæjar enda fjöldi öflugra gatnamóta og tengibrauta til að tryggja gott flæði innan bæjarins. Þetta sýnir berlega að fjöldi og staðsetning tenginga bæjarins við Reykjanesbraut er með miklum ágætum.
2. Valinn valkostur var að auki hermdur í mikroharmun þar sem afkastageta gatnamóta var sannreynir fyrir annatíma seinniparts.
3. Í valkostagreiningu var gerð sérstök greining á viðbragðstíma neyðarbíla frá staðsetningu nýju slökkvistöðvarinnar. Valinn valkostur fékk hæstu einkunn í þeirri greiningu.

Þá vill Vegagerðin benda á að í undirbúningi frumdraga voru haldnir 20 fundir með stýrihóp. Sviðstjóri umhverfissviðs sat í stýrihópnum allan tímann og síðar bættust í hópinn Róbert Guðmundsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs og Halldór K. Hermannsson hafnarstjóri.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Á vinnslustigi valkostagreiningar voru að auki haldnir kynningarfundir fyrir Bæjarstjórn, Umhverfis og skipulagsráð, og samtök atvinnurekenda á Reykjanesi.

Á þessum fundum kom sterkt fram að mikilvægustu staðsetningar fyrir mislæg gatnamót væru við Fitjar, Aðalgötu og við Grænásbraut.

Þá bætti Vegagerðin við valkosti eftir kynningu á niðurstöðum valkostagreininga fyrir Bæjarstjórn, sem leiddi til nýrrar valkostagreininga þar sem valkostur 6 varð fyrir valinu.

Ekki má horfa fram hjá því að gert er ráð fyrir öflugri tengibraut samhliða Reykjanesbraut frá Aðalgötu yfir Þjóðbraut að Grænásvegi sem mun tengja umferð til allra átta um öflug mislæg gatnamót.

Lágmarkskröfa um fjarlægð milli gatnamóta er ekki hægt að uppfylla væri gatnamótum við/á Þjóðbraut bætt við en einnig myndu að- og fráreinar renna saman sem að flækir lausnina tæknilega en einnig bitnar það verulega á umferðaröryggi.

Vegagerðin sér að því sögðu ekki ástæðu til þess að breyta þeim valkosti sem varð fyrir valinu í frumdragavinnunni.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri